

300,00, Skuldaskilum h/f, Borgartúni 33, Reykjavík kr. 1.000,00 og Bjarna Vigfússyni, Sólheimum 47, Reykjavík kr. 300,00.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 5. desember 1985.

Nr. 177/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Ólafi Valtý Haukssyni og

Þórarni Jóni Magnússyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn 16. gr. áfengislaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar til sakfellingar samkvæmt ákæru með áfrýjunarstefnu 7. febrúar 1985. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 30. júlí sl.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu hinna ákærðu af kröfum ákærvaldsins.

Ákveða ber, að sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærðu, Ólafs Valtýs Haukssonar og Þórarins Jóns Magnússonar, á að vera óraskað.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs

verjanda ákærðu, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttar-lögmanns, samtals 22.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Málavöxtum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Bann við áfengisauglýsingum var lögleitt með áfengislögum nr. 64/1928 15. gr., sbr. síðan áfengislög nr. 64/1930, 15. gr., lög nr. 33/1935, 13. gr., lög nr. 58/1954, 16. gr., og núgildandi áfengislög nr. 82/1969, 16. gr. Þegar ákvæði þetta var fyrst lögleitt á árinu 1928, var innflutningur áfengis til almennra nota bannaður. Undanþága var þó frá því banni um nokkur suðræn vín samkvæmt lögum nr. 3/1923. Auglýsingabannið þótti nauðsynlegt, eftir að slakað hafði verið á algjöru innflutnings- og sölubanni, og var til þess sett, að landsmenn yrðu ekki hvattir til neyslu áfengra drykkja. Ljóst má telja, að tilgangur ákvæðisins var sá að reyna að sporna við því, að landslýðurinn væri beinlínis hvattur til þess að neyta vöru, sem álitin var heilsuspillandi, svo sem síðar var einnig gert varðandi tóbak, sbr. lög nr. 59/1971, lög nr. 27/1977 og lög nr. 74/1984, þó að innflutningur, sala og neysla þessara vara væri leyfð. Sé þessi tilgangur ákvæðisins virtur, virðist einu gilda, hver auglýsir áfengi, hvort það er innflytjandi eða seljandi eða aðili, sem hefur af því engan hagnað að auka sölu á áfengi. Enn fremur virðist einu gilda að virtum þessum tilgangi lagaákvæðisins, hver sé merking orðsins auglýsing í viðskiptalífínu, svo og það hvort greiðsla er tekin fyrir þá hvatningu, sem slíkri tilkynningu er ætlað að flytja neytendum. Með hliðsjón af þessum skilningi er það tekið fram í 16. gr. reglugerðar nr. 335/1983, að með auglýsingu sé átt við hvers kyns tilkynningu eða birtingu til almennings og hverja þá aðferð aðra, sem felur í sér hvatningu til kaupa eða neyslu áfengis.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms um gildi ákvæða 4. mgr. 16. gr. áfengislaga með tilliti til ákvæða 72. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 þykir bera að taka til greina kröfur ákærvalds í málinu um, að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru.

Þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 10.000,00 króna sekt til rikissjóðs, en til vara komi 5 daga varðhald.

Eftir þessum málalokum ber að dæma ákærðu til þess in soldium að greiða allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 22.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. janúar 1985.

Ár 1985, föstudaginn 18. janúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 22-23/1985: Ákærvaldið gegn Ólafi Valtý Haukssyni og Þórarni Jóni Magnússyni, sem tekið var til dóms 11. janúar sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 23. júlí sl., gegn ákærðu, Ólafi Valtý Haukssyni ritstjóra, Engihjalla 19, Kópavogi, fæddum 4. maí 1953 í Reykjavík, og Þórarni Jóni Magnússyni, fyrrverandi ritstjóra, Miðvangi 108, Hafnarfirði, fæddum 3. janúar 1952 í Hafnarfirði, „fyrir að brjóta gegn banni við áfengisauglýsingum samkvæmt 4. mgr. 16. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 16. gr. reglugerðar nr. 335, 1983, með því að hafa sem ritstjórar og ábyrgðarmenn tímaritsins „Samúel“ birt á 5. blaðsíðu í 79. hefti tímaritsins, sem út kom í Reykjavík í janúar 1984, mynd af áfengisflösku og rammagrein með yfirskriftinni „Myer's rjómaromm, hreinasta sælgæti“, sem telja verður í heild sinni áfengisauglýsingu í skilningi 16. gr. fyrrgreindrar reglugerðar nr. 355, 1983 (sic).

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar samkvæmt 1. mgr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. lög nr. 52, 1978, sbr. V. kafla laga nr. 57, 1956 um prentrétt, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærðu og öðrum gögnum málsins:

Í 79. hefti tímaritsins Samúel, 1. tbl. 15. árgangs, sem út kom í Reykjavík í janúar 1984, er grein á bls. 5 með fyrrsögninni „MYERS'S RJÓMAROMM“ og undirfyrrsögninni „Hreinasta sælgæti.“ Greinin er svohljóðandi: „MYERS'S ORIGINAL RUM CREAM er skemmtileg nýjung í drykkjarvali Áfengisverslunarinnar. Myer's (frb. mæers) rjómarommið, eins og kalla mætti drykkinn á íslensku, er eiginlega tilbúinn kokkteill, frekar en líkjör, samanstandur einvörðungu af rommi og rjóma, en útkoman hreinasta sælgæti (sem er ef til vill um leið það hættulegasta við drykkinn, eins og Samúel komast að raun um þegar hann fékk sér eina flösku á dögunum; hún kláraðist á augabragði). Er rjómarommið ekki ósvipað á bragðið og drykkirnir „White Russian“ og „Alexander“, sem

margir kannast við, og það er ekki ólíklegt að hinir fjölmörgu sem kaupa alltaf Bailey's rjómaravískí í Friðhöfninni á Keflavíkurflugvelli, en það hefur ekki fengist í Ríkinu, muni fagna þessum valkosti.

Þó að Myer's rjómaromm sé oftast drukkið eins og það kemur beint úr flöskunni, „stofuheit“ eða með ísmolum, þá má blanda það við ýmsa aðra drykki með góðri útkomu, t.a.m. vodka (og er þá nánast eins og „Hvítur Rússi“), sóðavatn er ágætt að nota sem bland ef mönnum finnst það of sterkt eitt og sér, og síðast en ekki síst er rjómarommið ákaflega gott út í kaffi. Samúel hefur líka heyrt að það henti vel í bakstur, t.d. í krem, og frómas.“

Við hlið greinarinnar er litmynd, um 8,5 X 12 cm stór, af flösku undan umræddri áfengistegund, og hvort tveggja er innan fingerðs ramma, sem tekur yfir nær helming blaðsíðunnar.

Útgefandi tímaritsins Samúel er Sam-útgáfan, en ritstjórar og ábyrgðamenn í janúar 1984 voru ákærðu í máli þessu, en ákærði Þórarinn Jón hefur nú látið af því starfi.

Ákærðu voru yfirheyrðir hjá lögreglu 24. maí sl. og fyrir dómi við meðferð málsins. Ákærði Ólafur Valtýr kvað mat og drykk vera á meðal þess efnis, sem fjallað er reglulega um í tímaritinu, og nefndi sérstaklega kokteila og nýja drykki, sem fást í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Hann hafi komist að því, að áfengisverslunin hafði Myers's rjómaromm á boðstólum og keypt sér flösku af því og séð ástæðu til að skrifa grein um hana í tímaritið. Hann hafi einnig fengið ljósmyndara, sem vinnur fyrir tímaritið, til þess að taka myndina. Ákærði kvað þetta algjörlega hafa verið hans hugmynd og hafi umboðsmaður áfengistegundarinnar engan þátt átt í þessu, og kvaðst ákærði raunar ekki vita hver hann er. Enginn hafi vakið athygli hans á þessum drykk né greitt á nokkurn hátt fyrir birtingu greinarinnar. Tilganginn með birtingunni kvað ákærði hafa verið þann að þjóna lesendum tímaritsins, upplýsa þá um nýjungar á markaðnum og að stuðla að betri „vínmenningu“, en hann taldi öll skrif um áfengi og annað, sem við kemur neyslu áfengra drykkja, stuðla að bættri vínmenningu í landinu. Hann kvaðst sem endranær hafa haft 72. gr. stjórnarskrárinnar að leiðarljósi, þegar hann skrifaði greinina, en ekki leitt hugann að ákvæði áfengislaga um bann við áfengisauglýsingum, enda sé hér ekki um auglýsingu að ræða, heldur ritstjórnarefni. Þá kvaðst hann og telja, að bann áfengislaga við áfengisauglýsingum stangist á við 72. gr. stjórnarskrárinnar og að lögum sé misbeitt, þegar þeim er beitt gegn greinarskrifum eins og þeim, sem mál þetta varðar. Hann kvaðst ekki hafa borið greinina undir með ákærða, áður en hún var birt.

Ákærði Þórarinn Jón kvað störf sín hjá Samútgáfunni hafa verið fólgin í öðru en útgáfu og ritstjórn tímaritsins Samúel. Kvað hann meðákærða

hafa átt hugmyndina að greininni og ritað hana eftir að hafa keypt sér flösku af þessari áfengistegund. Hann kvaðst ekki hafa séð greinina, áður en hún var birt, en vitað, að meðákærði var að vinna að þessu efni. Hafi honum verið ljóst, að um var að ræða efni af sama toga og áður hafði verið fjallað um í Samúel, og ekki hafi hvarflað að honum, að umfjöllun um þetta áfengi með þeim hætti, sem tíðkast hafði, gæti stangast á við bann við áfengisauglýsingum. Hann kvað tilganginn með birtingu greinarnar hafa verið þann, að kynna nýja neysluvöru á sama hátt og fjallað hafði verið um aðrar nýjungar á markaðnum, þ.á m. áfengi, í Samúel og öðrum íslenskum blöðum. Kvað hann lengi hafa tíðkast að kynna rauðvín í öðrum tímaritum og dagblöðum og um auglýsingu sé alls ekki að ræða, heldur ritstjórnarefni.

Magnús Jónasson framkvæmdastjóri, Nesvegi 82, Reykjavík, hefur borið, að fyrirtækið Karl K. Karlsson & co sé umboðsaðili fyrir umrædda áfengistegund, en það hafi engan þátt átt í birtingu myndar eða greinar um hana í tímaritinu Samúel. Er sá framburður í fullu samræmi við framburð beggja ákærðu.

Af hálfu ákærðu hefur verið lagt fram í málinu bréf Sambands íslenskra auglýsingastofa, þar sem m.a. er svohljóðandi almenn skilgreining á hugtakinu auglýsingar: „Auglýsingar eru hvers konar boðmiðlun, sem aðstandandi boðanna kemur á framfæri í fjölmiðlum *gegn greiðslu*. Aðstandandi boðanna þ.e.a.s. auglýsandinn, kaupir auglýsingapláss í dálkasentimetrum, mínútum eða öðrum viðurkenndum sölueiningum viðkomandi fjölmiðils.“

Þá var af hálfu ákærðu lagt fram ritið „Vín skal til vinar drekka“, útgefið í Reykjavík 1972, úrklippur úr dagblaðinu DV á árinu 1984, þar sem vikið er að vínlistum nokkurra veitingahúsa og einnig fjallað um vínuppskeru 1983, og loks úrklippur úr tímaritinu Vikan frá 1979, 10 greinar í greinaflokki um létt vín.

Niðurstöður.

Ákærðu krefjast þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Er krafa þeirra einkum byggð á því, að greinin, sem ákært er út af, sé ekki auglýsing í merkingu 4. mgr. 16. gr. áfengislaga, sem beri að skýra þröngt.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um rétt manna til að láta í ljós hugsanir sínar á prenti og um bann við ritskoðun og öðrum tálmunum fyrir prentfrelsi. 72. gr. hefur verið skilin svo, að óheimilt sé að beita ritskoðun eða að hindra á annan hátt fyrirfram, að menn birti hugsanir sínar á prenti. Jafnframt er kveðið á um, að menn verði að ábyrgjast fyrir dómi þær hugsanir sínar, sem þeir láta út á prenti, og er því ekki átt við tálmanir hverrar tegundar sem er. Er því talið heimilt innan þröngra takmarka að

banna með almennum lögum að birta tiltekið efni á prenti. Verður 4. mgr. 16. gr. áfengislaga um bann við auglýsingu áfengis því ekki talin stangast á við prentfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar.

Bann við áfengisauglýsingum var fyrst lögfest með 15. gr. áfengislaga nr. 64, 1928. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga sagði m.a. svo um 15. gr.: „Það þykir óviðeigandi, að áfengisauglýsingar birtist í landi, sem telst bannland, þótt utanaðkomandi ástæður hafi knúið það til að slaka á banninu gegn yfirlýstum vilja þings og þjóðar.“

Í 16. gr. reglugerðar nr. 335, 1983 um sölu og veitingar áfengis, sem sett er samkvæmt heimild í áfengislögum nr. 82, 1969, segir m.a., að með auglýsingu sé átt við hvers kyns tilkynningu eða birtingu til almennings og hverja þá aðferð aðra, sem felur í sér hvatningu til kaupa eða neyslu áfengis. Fallast verður á það sjónarmið ákærðu, að hugtakið „áfengisauklýsingar“ í 4. mgr. 16. gr. áfengislaga verði að skýra þröngt, enda setur það ákvæði prentfrelsinu nokkrar skorður. Samkvæmt því fær hin rúma skýring hugtaksins „auglýsing“ í 16. gr. reglugerðarinnar ekki stoð í áfengislögum.

Í texta þeim, sem ákært er út af, lýsir höfundurinn viðhorfum sínum til umrædds áfengis og greinir frá, hvernig neyta má þess á mismunandi hátt. Hann leggur áherslu á það, sem hann telur vera kosti þessa áfengis, en hvetur lesendur ekki beinlínis til þess að kaupa það eða neyta þess. Mynd fylgir þessum texta, eins og nær öllum greinum í 79. hefti tímaritsins.

Það er álit dómsins, með hliðsjón af örri þróun fjölmiðlunar á undanförnum árum og breyttum viðhorfum til áfengismála frá því, sem var 1928, að ekki verði öll umfjöllun um áfengi á prenti talin vera áfengisauklýsing í merkingu 4. mgr. 16. gr. áfengislaga. Þykir verða að líta til þess, af hvaða hvötum slík umfjöllun er birt á prenti og hvort sá, sem á beinna hagsmuna að gæta, hafi stuðlað að henni. Ekki þykir á hinn bóginn afgerandi, hvort greitt er fyrir birtingu á slíku efni eða ekki.

Samkvæmt framburði beggja ákærðu ritaði ákærði Ólafur Valtýr umræddan texta og lét birta hann í tímaritinu ásamt myndinni að eigin frumkvæði. Ekkert hefur komið fram í málinu, sem gefur ástæðu til að ætla, að umboðsaðili þessarar áfengistegundar eða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins né aðrir hafi á nokkurn hátt hlutast til um, að ákærði Ólafur Valtýr birti textann eða myndina. Verður því að leggja til grundvallar þann framburð ákærðu, að þessi umfjöllun um Myers's Original Rum Cream hafi verið birt í tímaritinu Samúel eingöngu að frumkvæði ritstjórnar þess lesendum til fróðleiks. Verður samkvæmt því að telja, að texti sá og ljósmynd, sem ákært er út af, sé ekki auglýsing í þeim skilningi, sem leggja verður í ákvæði 4. mgr. 16. gr. áfengislaga nr. 82, 1969. Verða ákærðu því báðir sýknaðir af öllum kröfum ákærvaldsins í máli þessu og sakar-

kostnaður lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda beggja ákærðu, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 6.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærðu, Ólafur Valtýr Hauksson og Þórarinn Jón Magnússon, skulu vera sýknir af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu beggja, Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl., 6.000 krónur.

Fimmtudaginn 5. desember 1985.

Nr. 261/1985. **Hörður Ólafsson**

gegn

lögreglustjóranum í Reykjavík

Kærumál. Innsetningargerð. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Sóknaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. f.m., að því er ætla verður í því skyni, að krafa hans um innsetningu verði tekin til greina, en frá honum hefur engin greinargerð borist. Varnaraðili hefur heldur eigi lagt fram greinargerð í málinu.

Hinn 11. f.m. var tekið fyrir í fúgetarétti Reykjavíkur innsetningarbeiðni sóknaraðilja, er hann hafði sent borgarfógeta í símskeyti, er hljóðar svo: „Bjarki Eliásson yfirlögregluþjónn heldur fyrir mér að ólögum haglabyssu sem ég á. Ég krefst þess að hún verði tekin úr hans vörslum og mér fengin umráð hennar. Þess er vænst að innsetningargerð þessi geti farið fram næstkomandi mánu-dag, sími minn er 15627. Hörður Ólafsson hrl. Njálsgötu 87.“

Fógetarétturinn kvað á um það með hinum kærða úrskurði, að gerðin skyldi ekki fara fram.